

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2005

Nr. 901

1902

12. október 2005

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Með vísan til reglugerðar nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 518/2005, bætist við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	15.10.05 - 31.12.05	23.636	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. október 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atili Már Ingólfsson.

Nr. 902

11. október 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Esjugrund 56 – 58.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 21. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjugrund 56 – 58, Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fannafold 190.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 21. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Foldahverfi, lóðina Fannafold 190. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. október 2005.

Helga Bragadóttir.